

**Sp.**

**771. Nefndarálit**

[154. mál]

um till. til þál. um vélræna upptöku á þingræðum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og telur þingskriftir, svo sem þeim nú er hagað, eigi koma að því gagni, sem æskilegt væri. Þá hefur nefndin einnig athugað breytingartillögu á þskj. 707 viðvikjandi útgáfu umræðna frá Alþingi. Þar eð nefndin álitur fyrirkomulag það, sem stungið er upp á í aðaltillögunni um vélræna upptöku á þingræðum, munu verða til mikilla bóta, svo og æskilegt, að breytt verði til um útgáfu umræðna, þótt eigi sé víst, að unnt verði að koma hinu síðarnefnda við nú þegar á næsta hausti, leggur hún til, að aðaltillagan verði samþykkt og einnig brtt. á þskj. 707 með þeirri breytingu, að fyrir orðin „hlutast til um það“ komi: undirbúa, ef fært þykir.

Alþingi, 12. maí 1950.

Ingólfur Jónsson,	Jón Gíslason,	Finnur Jónsson,	Stefán Stefánsson.
form.	fundaskr.	frsm.	
Jón Sigurðsson.	Skúli Guðmundsson.	Magnús Kjartansson.	